

2. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 18. febrúar 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sólveig Jónsdóttir og Gunnar Sigurðsson, almennatengslafulltrúar, og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Fundargerð 1. stjórnarfundi frá 5. febrúar sl. borin upp og samþykkt.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Erindi frá verkefnisstjóra landsliða karla í áhaldafimleikum (VKK)

Kynnt er tillaga um fjáröflun fyrir FSÍ og mættur er á fundi Davíð Ingason, verkefnisstjóri landsliða karla í áhaldafimleikum, til að fylgja tillögunni úr hlaði. Tillagan gerir ráð fyrir að gefið verði út blaði í fjáröflunarskyni. Aflað verði auglýsinga í átta síðna aukablað sem fylgdi Fréttablaðinu og færi í dreifingu stuttu fyrir Íslandsmótið í áhaldafimleikum. Í blaðinu yrði auk auglýsinga greinar um fimleika. Davíð vísar af fundi.

Málið rætt.

Stjórn FSÍ lýsir yfir ánægju með verkefnið og frumkvæðið. Áður en ákvörðun verður tekin um aðkomu FSÍ að verkefninu er framkvæmdastjóra falið að óska eftir nánari upplýsingum frá verkefnisstjóra um skyldur og réttindi þess fyrirtækis sem til stendur að ráða til að safna auglýsingum, þ.m.t um framkvæmd og ábyrgð á innheimtu auglýsingatekna.

2. Erindi frá tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)

Þann 4. febrúar 2010 barst stjórn FSÍ erindi með tölvupósti frá tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum þar sem óskað er eftir leyfi til að skrá keppendur á mót eftir að skráningarfresti lýkur. Einnig leggur nefndin (TKV) til að umsóknum um undanþágu á reglum sambandsins um skráningarfrestart verði beint til tækninefnda og að ákvörðun um að heimila undanþágu verði í höndum tækninefnda. Undanþága frá skráningarfrestart verði að jafnaði veitt ef umsókn berst áður en búið er að vinna skipulag mótsins. Þá leggur nefndin (TKV) til að ef undanþága er veitt borgi viðkomandi félag þreföld mótagjöld fyrir þá keppendur sem um ræðir.

Málið var rætt.

Stjórn FSÍ samþykkir að móta- og keppnisreglur FSÍ um skráningarfrestart á mót verði óbreyttar og undanþágur verði ekki leyfðar. Stjórn FSÍ samþykkir ekki tillögu nefndarinnar (TKV). Stjórnin samþykkir hins vegar eftirfarandi undanþágu frá meginreglunni um að skráningu skuli lokið í síðasta lagi 4 vikum fyrir mót: Standi svo á, að mati tækninefnda, að hægt sé að taka inn keppendur eftir að skráningarfrestart lýkur er tækninefndum heimilt að óska eftir því við framkvæmdastjóra FSÍ, sem skipuleggur mót í samvinnu við tækninefndir, að veitt verði undanþága frá meginreglunni um skráningarfrestart gagnvart einstökum keppendum/hópum en þó á þann veg að þeir fái að keyra æfingar á móti en keppi ekki til verðlauna. Greiða skal mótagjöld samkvæmt gildandi reglum í tilvikum sem þessum.

3. Fjárhagur FSÍ -fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun FSÍ fyrir árið 2010, sem samþykkt var á ársþingi FSÍ þann 23. janúar 2010, og fyrirhuguð verkefni og mót er rædd.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 2010 eru áætlaðar u.þ.b. 9 milljónir í erlend verkefni/mót. Stjórn hefur borist greinargerð frá tækninefnd í hóp fimleikum þar sem m.a. er gerð grein fyrir áætluðum kostnaði við landsliðsverkefni í hóp fimleikum. Einnig hefur borist greinargerð frá nefnd um fimleika fyrir alla um áætlaðan kostnað við undirbúning við þátttöku í Gymnastrada 2011, Eurogym og Golden Age.

Málið rætt.

Stjórn FSÍ ákveður að fresta umræðum um fjármál FSÍ og nota tímann fram að næsta fundi til að undirbúa tillögu um skiptingu á fjármunum til verkefna og móta.

4. Mótahald í janúar og febrúar sl.

Stjórn FSÍ þakkar öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd eftirtaldra móta:

Prepamót, 5. þrep kvenna, sem haldið var 31. janúar sl. í Gróttu

Íslandsmót unglinga í hóp fimleikum sem haldið var 6. og 7. febrúar sl. í Gerplu

Prepamót í áhaldafimleikum sem haldið var 13. og 14. febrúar sl. í Ármanni.

5. Móttökunámskeið á trampólín

Stjórn FSÍ fagnar þeirri ákvörðun fræðslunefndar og tækninefndar í hóp fimleikum að efla öryggi keppenda með því að bjóða upp á móttökunámskeið á trampólíni og að setja kröfur um að félög sjái til þess að senda menntaða þjálfara með keppendum á mót.

6. Norðurlandamótið í hóp fimleikum juniora í Finnlandi 17. apríl nk.

Tilkynning hefur borist frá tækninefnd í hóp fimleikum um að nefndin hafi valið tvö lið til þátttöku á Norðurlandamótið í hóp fimleikum juniora sem haldið verður í Finnlandi 17. apríl nk. Liðin eru kvennalið Gerplu og Selfoss.

7. Erindi tækninefndar í hóp fimleikum (THF) til Evrópusambandsins (UEG) vegna Evrópumótsins í hóp fimleikum nk. haust

Málinu var frestað á síðasta fundi. Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra í samráði við THF að ganga frá fyrirspurn til UEG

8. Greinargerð vinnuhóps um íslenska fimleikastigann í áhaldafimleikum kvenna

Greinargerð vinnuhópsins, dags. 4. febrúar 2010, hefur borist stjórn FSÍ. Í lok greinargerðar er yfirlit yfir kostnað við gerð stigans, samtals að fjárhæð 320.000 krónur.

Stjórn FSÍ samþykkir erindið og felur framkvæmdastjóra að afgreiða málið.

9. Umsókn til Afrekskvennasjóð Íslandsbanka og ÍSÍ

Samþykkt er að stjórn FSÍ sendi umsókn til sjóðsins vegna stofnunar unglíngalandslið í hóp fimleikum

10. Bréf til kynningar

- a.** Bréf Alþjóða fimleikasambandsins (FIG) um ókeypis en takmarkað niðurhal á myndum af vefnum www.fig-photos.com fyrir aðila FIG
- b.** Dagskrá framkvæmdastjórafundar Nordic Gymnastik og málþings þann 15. -16. apríl nk. í Finnlandi. Framkvæmdastjóra falið að kynna aðildarfélagunum dagskrá málþingsins.
- c.** Bréf ÍSÍ, dags. 4. febrúar 2010, tilkynning á skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ árið 2010. Styrkur ársins 2010 til FSÍ er að fjárhæð 2.724.852 krónur. Upphæðin er heldur minni en áætlað var í fjárhagsáætlun 2010.
- d.** Fundargerð nefndar um fimleika fyrir alla (FFA) frá 11. febrúar sl. og fundargerð tækninefndar í hópfimleikum (THF) frá 4. febrúar sl. Stjórn FSÍ þakkar upplýsandi fundargerðir.

Fundargerð lesin upp og staðfest af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 18.30

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð